

# Tillaga Miðflokksins vegna Stórhöfða 45

Miðflokkurinn leggur til að þegar verði ráðist í malbikun, gerð gangstétta, lýsingu og annars frágangs á vegakafla við Stórhöfða 45, en þar stendur nú sjúkrahús SÁÁ.

## Greinargerð

Sjúkrahúsið Vogur var byggt á árunum 1982 og 1983 og tók til starfa síðara árið. Vegakaflinn að sjúkrahúsinu er enn ófrágengin og sennilega síðasti ómalbikaði vegakaflinn borgarinnar, einnig vantar gangstéttir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, það verður að teljast óásættanlegt nú 35 árum eftir að sjúkrahúsið tók til starfa, enda starfsemi þess vaxið gríðarlega á tímabilinu.

Mikil umferð er um veginn og má þar sem dæmi nefna sjúkrabíla, lögreglubíla, sendibíla, farartæki starfsfólks og sjúklinga auk hjólandi og gangandi vegfarenda.

Einhver áhöld hafa verið á liðnum árum um hvort hér sé um að ræða einkaveg sjúkrahússins eða veg sem heyrir undir borgina.

Samkvæmt bestu upplýsingum mun þessi vegakaflinn heyra undir borgina, en jafnvel þótt það sé umdeilanlegt hljótum við að bera hag sjúklinga og allra sem leið eiga að og frá sjúkrahúsinu fyrir brjósti.

Ástand vegakaflans í dag er með öllu óásættanlegt, aðkoma að sjúkrahúsum skal ávallt vera með besta mögulega móti. Svo er ekki.

Það er ósk fulltrúa Miðflokksins að mál þetta fái skjóta afgreiðslu og þar með farsælan endi.

Þar sem er vilji, þar er vegur.

Baldur Borgþórsson

Varaborgarfulltrúi Miðflokksins

## **Greinargerð**

Sjúkrahúsið Vogur var byggt á árunum 1982 og 1983 og tók til starfa síðara árið. Vegakaflinn að sjúkrahúsinu er enn ófrágengin og sennilega síðasti ómalbikaði vegakaflinn borgarinnar, einnig vantar gangstéttir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, það verður að teljast óásættanlegt nú 35 árum eftir að sjúkrahúsið tók til starfa, enda starfsemi þess vaxið gríðarlega á tímabilinu.

Mikil umferð er um veginn og má þar sem dæmi nefna sjúkrabíla, lögreglubíla, sendibíla, farartæki starfsfólks og sjúklinga auk hjólandi og gangandi vegfarenda.

Einhver áhöld hafa verið á liðnum árum um hvort hér sé um að ræða einkaveg sjúkrahússins eða veg sem heyrir undir borgina.

Samkvæmt bestu upplýsingum mun þessi vegakaflinn heyra undir borgina, en jafnvel þótt það sé umdeilanlegt hljótum við að bera hag sjúklinga og allra sem leið eiga að og frá sjúkrahúsinu fyrir brjósti.

Ástand vegakaflans í dag er með öllu óásættanlegt, aðkoma að sjúkrahúsum skal ávallt vera með besta mögulega móti. Svo er ekki.

Það er ósk fulltrúa Miðflokksins að mál þetta fái skjóta afgreiðslu og þar með farsælan endi.

Þar sem er vilji, þar er vegur.

**Frá:** Arnþór Jónsson <[arnthor@saa.is](mailto:arnthor@saa.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 31. október 2018 09:24

**Til:** Björn Ingi Edvardsson <[bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is](mailto:bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is)>

**Afrit:** tsh <[tsh@centrum.is](mailto:tsh@centrum.is)>; [diddifrissa@simnet.is](mailto:diddifrissa@simnet.is); [mariuso@advania.is](mailto:mariuso@advania.is)

**Efni:** RE: FS: Stórhöfði 45

Sæll Björn

Varðar mál US180283

“Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins þar sem lagt er til að þegar verði ráðist í malbikun, gerð gangstétta, lýsingu og annars frágangs á vegakafla við Stórhöfða 45, en þar stendur nú sjúkrahús SÁÁ. Einnig er lögð fram greinargerð.

*Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds. „*

Óska eftir því að málinu verði frestað þar til að búið er að kanna afstöðu ríkisins til byggingarleyfis á lóð SÁÁ við Stórhöfða 45, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi í skipulags- og byggingarnefnd dags. 7. júlí 2004.

Með kveðju/With regards



**Arnþór Jónsson**

Formaður SÁÁ / Chairman

Sími/Tel: +354 530 7600

Farsími/Mobile: +354 824 7611

Netfang/E-mail: [arnthor@saa.is](mailto:arnthor@saa.is)

SÁÁ - til betra lífs  
SÁÁ - towards a better life